



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Ákvörðun nr. 19/2007. Endurupptaka rekstrargjalds 2004 v/2003 til 2006 v/2005

10. september 2007

#### I

*Kæra Snerpu ehf.*

Með tölvupósti dags. 29. mars 2007 frá forráðamanni Snerpu ehf., kt. 430197-2319 er farið fram á að Póst- og fjarskiptastofnun endurgreiði fyrirtækinu rekstrargjald fyrir árin 2001 til 2006 þar sem ekki eigi að innheimta rekstrargjald af internetstarfsemi.

#### II

*Lagarammi*

Póst- og fjarskiptastofnun innheimtir rekstrargjald í samræmi við 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun en þar kemur m.a. fram:

*„Fjarskiptafyrirtæki skulu árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemur [0,30%]<sup>1)</sup> af bókfærðri veltu og sömuleiðis skulu póstrekendur greiða 0,25% af árlegri veltu til stofnunarinnar. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af fjarskipta- og póststarfsemi sinni hér á landi. Rekstrargjald skal miða við næsta almanaksár á undan ákvörðun gjaldsins. Tekjur skal telja til bókfærðrar veltu á því ári sem þær verða til“.*

Í ofangreindri lagagrein kemur fram að stofn til rekstrargjalds sé af rekstrartekjum af fjarskiptastarfsemi. Varðandi hvað telst til fjarskiptastarfsemi má vísa til orðaskýringa í 14. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 þar sem fram kemur að „Fjarskiptaþjónusta“ sé þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet. Í framkvæmd hefur stofn til rekstrargjalds byggst á veltu vegna gagnaflutnings þ.e. vegna þeirrar starfsemi sem felst í að miðla merkjum með einum eða öðrum hætti hvort sem er þráðlaust eða með þræði. Einnig má benda á 12. tölulið í orðaskýringum þar sem fram kemur m.a. fram sú skýring að „Fjarskiptanet“, sé sendikerfi til að miðla merkjum eftir þræði.

#### III

*Málvaxtalýsing*

Við athugun á starfsemi Snerpu ehf., í kjölfar ofangreindrar kæru, kannaði Póst- og fjarskiptastofnun m.a. upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins varðandi starfsemi þess. Þar kom

[...] Tekið út vegna trúnaðar.

m.a. fram að félagið starfrækir m.a. alhliða internetþjónustu og einnig netþjónustu (gagnaflutning) og starfrækir víðnetskerfi. Þar segir m.a.:

*„Snerpa ehf. rekur alhliða tölvu- og netþjónustu. Starfsmenn Snerpu hafa m.a. sérhæft sig í vefforritun og hugbúnaðargerð sem byggir á fjarvinnslu og Internetstöðlum. Stór þáttur í starfsemi félagsins er rekstur á alhliða Internetþjónustu og nær þjónustusvæði Snerpu yfir allt landið og í mörgum tilfellum víðar. Snerpa hefur yfir að ráða einu af stærri víðnetskerfum landsins og rekur m.a. hnútpunkta í öllum þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum. Snerpa hefur jafnframt mjög öflugar tengingar við Internetið um útländagáttir Símans og OgVodafone og skiptistöð fyrir innanlandsumferð í Tæknigarði í Reykjavík (RIX)“.*

Í tölvupósti frá framkvæmdastjóra Snerpu ehf., dags. 21.6.2006, kemur fram að Snerpa skilgreinir leyfisskylda starfsemi fyrir gjaldaárið 2002 sem rekstur á eigin fjarskiptaleiðum og talsímaþjónustu.

Í töflu 1. má sjá álagt rekstrargjald ásamt stofni og álagningarprósentu fyrir árin 2001 til 2005.

**Tafla 1. Álagt rekstrargjald á Snerpu ehf.**

Tímabil	Álagningar-stofn	Álagningar- %	Álagning
2002 v/2001	[...]	[...]	[...]
2003 v/2002	[...]	[...]	[...]
2004 v/2003	[...]	[...]	[...]
2005 v/2004	[...]	[...]	[...]
2006 v/2005	[...]	[...]	[...]
<b>Samtals.....</b>	.....	.....	[...]

Varðandi innheimtu rekstrargjalds frá árinu 2001 hefur hún verið eftirfarandi og byggst á eftirfarandi gögnum.

- 2001 v/2000 Ekki lagt á rekstrargjald.
- 2002 v/2001 Stofn: [...] kr. Rekstrargjald [...] kr. Álagning byggist á bréfi frá Snerpu á fjarskiptaþjónustu og útprentun úr fjárhagsbókhaldi þar sem tekjur vegna fjarskiptaþjónustu eru tilgreindar [...] kr.
- 2003 v/2002 Engin gögn bárust við fyrirspurn Póst- og fjarskiptastofnunar á tekjum vegna fjarskiptaþjónustu.
- 2004 v/2003 Álagning var áætluð með bréfi dags. 14.12.2004. Stofn áætlaður [...] m.kr. og álagt rekstrargjald [...] kr. Áætlun afturkölluð og lagt á Snerpu skv. bréfi dags. 30.12.2004 þar sem velta vegna fjarskiptastarfsemi er tilgreind [...] kr. og álagt rekstrargjald nemur [...] kr. Ársreikningur fylgir með en engin sundurliðum með tilvísun í stofn skv. bréfi Snerpu.
- 2005 v/2004 Stofn [...] kr. Álagt rekstrargjald [...] kr. Álagning Póst- og fjarskiptastofnunar byggist á bréfi frá Fylkir Bókhald ehf. þar sem tekjur sem mynda stofn til rekstrargjalds eru sundurliðaðar.
- 2006 v/2005 Engin svör bárust frá Snerpu ehf. varðandi stofn til rekstrargjalds. Lagt var á Snerpu skv. áætlun. Áætlunarstofn [...] kr. áætlað rgj. [...] kr.

[...] Tekið út vegna trúnaðar.

## IV

### Forsendur og niðurstaða

Póst- og fjarskiptastofnun fellst á þann skilning Snerpu að félagið beri að skila rekstrargjaldi af netþjónustu og víðnetskerfi en ekki af internetþjónustu.

Með ósk um endurupptöku rekstrargjalds, með tölvupósti dags. 29. mars 2007, fylgdu engin gögn né aðrar upplýsingar sem hægt var að byggja á endurupptöku umfram þau gögn frá Snerpu ehf. sem núverandi álagning á rekstrargjaldi byggist á. Snerpu ehf. var því sent fyrirspurnarbréf dags. 1. júní 2007 þar sem óskað var eftir frekari gögnum og einnig bent á að skv. upplýsingum sem hægt er að nálgast á vefsíðu Snerpu ehf. komi skýrt fram að félagið bjóði upp á gagnaflutning. Í svarbréfi Snerpu ehf. dags. 13. júlí 2007, er gefið upp fasta upphæð [ ...] kr. sem stofn til rekstrargjalds frá árinu 2005 til 2007 og svo helmingur af ofangreindri fjárhæð fyrir árið 2004. Engin gögn fylgdu með svarbréfi Snerpu ehf. Að mati PFS var svar Snerpu ehf. ekki fullnægjandi og að auki fylgdu svarinu engin gögn né hvort gagnaflutningur væri innifalinn í uppgefnum stofni. Snerpu ehf. var sent fyrirspurnarbréf dags. 25. júlí þar sem PFS tilgreindi m.a. á grundvelli úrskurðar yfirsattaneftndar nr. 80/2001 lagaskilyrði fyrir túlkun PFS á því hver stofn til rekstrargjalds eigi að vera. Einnig var vísað í ársreikning Snerpu ehf. og óskað eftir frekari skýringum á tekjulíðum í ársreikningi.

Í svarbréfi Snerpu ehf., dags. 15. ágúst 2007, fylgdu gögn úr bókhaldskerfi félagsins. Þar koma fram tekjur vegna sölu á leigulínum og tengigjald vegna örbylgjutenginga fyrir árin 2002 til 2006.

Þó svo að sundurliðun í ársreikningi gefi ekki glöggva mynd af stofni til rekstrargjalds telur Póst- og fjarskiptastofnun að með meðfylgjandi bókhaldsgögnum sem byggjast á hreyfingalistum á tekjum fyrir „Tengigjaldi Örbylgju“ og „Leigulínu Innanbæjar“ sé hægt að endurákvarða rekstrargjald á grundvelli innsendra gagna sem m.a. bera greinlega með sér tekjur vegna gagnaflutnings.

Í töflu 2. sést upphaflegur stofn rekstrargjalds ásamt upphaflegu rekstrargjaldi og einnig stofn til rekstrargjalds sem byggist á leiðréttum stofni ásamt leiðréttu rekstrargjaldi. Mismunur á stofni og rekstrargjaldi er einnig tilgreindur. Samtals nemur lækkun rekstrargjalds án vaxta [ ...] kr.

**Tafla 2. Yfirlitstafla**

Tímabil	Stofn til rekstrargjalds	Rekstrargjald	Leiðréttur stofn til rgj.	Leiðrétt rekstrargj.	Stofn - Mism	Rgj. - Mism.
2002 v/2001	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]
2003 v/2002	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]
2004 v/2003	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]
2005 v/2004	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]
2006 v/2005	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]
<b>2006-2002</b>	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]	[ ...]

Í samræmi við lög nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda verður inneign vaxtareiknuð skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá því að greiðsla átti sér til þess dags sem PFS barst ósk um endurupptöku þ.e. 29. mars 2007 en eftir þann tíma til greiðsludags verður vaxtareiknað með dráttarvöxtum sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Seðlabanki

[ ...] Tekið út vegna trúnaðar.

Íslands ákvarðar ofangreinda vexti. Sjá vaxtaútreikninga í Viðauka 1. Viðmiðunardagsetning útreikninga vaxta er 10. september 2007. Samtals nemur oftekið rekstrargjald fyrir árin 2004 v/2003 til 2006 v/2005 með vöxtum kr. [...] sbr. töflu 3.

**Tafla. 3. Endurgreiðsla með vöxtum**

Greiðsluár	Endurg.	Vextir	Samtals
2005	[...]	[...]	[...]
2006	[...]	[...]	[...]
2007	[...]	[...]	[...]
<b>Samtals</b>	[...]	[...]	[...]

Í samræmi við innsend gögn Snerpu ehf. fellst PFS á endurupptöku rekstrargjalds fyrir árin 2004 v/2003 til 2006 v/2005.

## V

### Ákvörðunarorð

Fallist er á endurgreiðslukröfu Snerpu ehf. vegna ofgreidds rekstrargjalds vegna rekstraráranna 2005 -2003. Endurgreiðsla með vöxtum nemur [...] kr.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Sigurður H. Magnússon